

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 21. maí 2024

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi

Í tl. 2.2 í tillögunni er minnst á flugöryggi með eftirfarandi hætti: „Sama gildi um aðra þætti sem metnir eru nauðsynlegir, eins og hugsanlega truflun á fjarskiptum, flugumferð eða vegna mikilvægra veðurmælinga.“ Í greinargerð sem fylgir tillögunni er nánari skýring á þessum texta með eftirfarandi hætti: „Sama gildir um ýmsa aðra þætti sem geta skipt máli. Þannig hefur t.d. verið bent á að vindmyllugarðar geti í sumum tilvikum haft truflandi áhrif á fjarskipti, auk þess sem slíkir garðar geta haft áhrif á langtíma veðurmælingar. Alþekkt er að mannvirki sem eru mjög stór geta haft áhrif á flugumferð þannig að máli skiptir að hugað sé að helstu flugleiðum við uppsetningu á vindorkuverum.“

Áhyggjuefni höfunda tillögunnar hvað varðar flugöryggi virðist því fyrst og fremst felast í hæð mannvirkja fremur en öðrum áhrifum á flugöryggi sem ekki eru slóður áhyggjuefni. Því er rétt að rífa upp í þessu samhengi fyrri ábendingar Flugmálafélags Íslands hvað þetta varðar.

Í fyrri athugasemdum sínum til Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs á Mosfellsheiði vakti Flugmálafélag Íslands athygli á því að í tillögu að matsáætlun væri umfjöllun um mat á áhrifum á flugfrelsi og flugöryggi mjög rýr. Fyrirhuguð staðsetning væri innan skilgreinds æfingasvæðis fyrir kennslu- og einkaflug og myndi stórkostlega skerða möguleika til nýtingar svæðisins ef af byggingu vindorkugarðsins yrði. Svæðið sem kallast Austursvæði er helsta æfingasvæðið af þessu tagi á suðvesturhorninu en sambærileg svæði sem skilgreind hafa verið á Reykjanesi eru gjarnan lokuð vegna blindaðflugs að flugvöllum í Keflavík og Reykjavík. Í eðlilegu árferði hefur verið mikið um útsýnisflug í nágrenni Hengilsins, ekki síst á vegum þyrlubjónustufyrirtækja.

Meðal atriða sem stjórn Flugmálafélags Íslands benti á að mikilvægt væri að tekið yrði tillit til varðandi mat á umhverfisáhrifum vegna vindorkugarðs á Mosfellsheiði eru eftirfarandi:

1. Neikvæð áhrif tilkomu vindorkugarðs á flugfrelsi og sjónflugsumferð um svæðið vegna skerðingar á nýtanlegu loftrými sökum hæðar vindmylla, þ.m.t. áhrif á nýtingu sýnilegra kennileita til aðgreiningar sjónflugsumferðar og tenginga við skilgreindar sjónflugleiðir til og frá Reykjavíkurflugvelli.
2. Áhrifasvæði ókyrrðar frá vindmyllum og möguleg áhrif hennar á sjónflugsumferð á Mosfellsheiði og í Austursvæði, þ.m.t. áhrif á nýtingu á flugvöllum á Sandsheiði sem miðstöðvar svifflugs og sem æfingaflugvallar fyrir kennslu- og einkaflug á höfuðborgarsvæðinu.
3. Neikvæð áhrif sem tilkoma vindorkugarðs á Mosfellsheiði myndi hafa á nýtingu Austursvæðis eins og það er skilgreint í flugmálahandbók útgefinni af Samgöngustofu og þar með á þjálfun flugmanna og starfsemi flugskóla í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.
4. Mat á neikvæðum áhrifum á nýtingu skráðra og óskráðra lendingarstaða og flugvalla í nágrenni svæðisins og áhrif á flugöryggi ef notagildi þeirra telst skert.

Stjórn Flugmálafélags Íslands leggur áherslu á að við mat á virkjunarkostum verði haft viðtækt og náið samráð við frjáls félagasamtök og rekstraraðila í flugstarfsemi, auk opinberra aðila sem að málinu koma svo sem Samgöngustofu og Isavia. Líklegt er að tilkoma vindorkugarðs á Mosfellsheiði hefði verulega neikvæð áhrif á starfsemi þessara aðila og gæti stefnt þeirri uppbyggingu sem orðið hefur í starfsemi hinna ýmsu félaga í hættu. Vakinn er athygli á því að sömu sjónarmið varðandi flugöryggi kunna að eiga við aðrar staðsetningar

vindmyllugarða en frumvarpið og greinargerð sem því fylgir tryggir á engan hátt að raunverulega verði tekið tillit til slíkra hagsmuna..

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Flugmálarfélags Íslands

Ágúst Hrafnkelsson,
varaforseti